

Stjórnarháttayfirlýsing Íslandsbanka hf. 2025
Óendurskoðuð

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarhátta.

Íslandsbanki starfar samkvæmt gildandi löggjöf um aðila sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME), ásamt viðeigandi reglum og leiðbeiningum og reglum Nasdaq Iceland sem aðgengilegar eru á vefsíðunum sedlabanki.is og nasdaqomxnordic.com. Meðal þeirra laga sem um starfsemi bankans gilda eru lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020, lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lög um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, lög um greiðslureikninga nr. 5/2023, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021, lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar nr. 25/2023, lög um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar nr. 78/2025, lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016, lög um neytendalán nr. 33/2013, samkeppnislög nr. 44/2005 og lög um hlutafélög nr. 2/1995, sem ásamt samþykktum bankans mynda grunninn að starfsemi hans. Viðeigandi löggjöf er að finna á vefsíðu Alþingis, althingi.is.

Stjórnarhættir bankans taka jafnframt mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05), sbr. 16. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem lögfest var á Íslandi með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Hlutabréf í bankanum eru til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Jafnframt hefur bankinn gefið út skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, Írlandi og Svíþjóð. Bankinn fellur því undir upplýsingaskyldu útgefanda samkvæmt lögum um upplýsinga-skyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 og reglur viðkomandi kauphalla.

Fylgni við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Íslandsbanka ber samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Bankinn leggur árlega mat á fylgni sína við gildandi leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins (hér eftir leiðbeiningarnar), sem eru aðgengilegar á leidbeiningar.is. Samkvæmt leiðbeiningunum skal greina frá því hvort vikið sé frá þeim að einhverju leyti, og þá að hvaða leyti, auk þess sem greina skal frá ástæðum frávika.

Íslandsbanki uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að frátalinni grein 1.5.12 um að tillögur tilnefningarnefndar skuli kynntar samhliða fundarboði hluthafafundar, þar sem stjórnarkjör fer fram. Stjórn boðaði til hluthafafundar 22. desember 2025 þar sem stjórnarkjör var á dagskrá. Til fundarins var boðað að kröfu hluthafa sem

ráða yfir 1/20 hlutafjár í bankanum, sem barst stjórn þann 8. desember 2025. Til þess að geta lagt fram tillögur samhliða fundarboði hefði tilnefningarnefnd þurft að ljúka starfi sínu innan 14 daga sem er ófullnægjandi tími fyrir nefndina til að sinna hlutverki sínu með viðunandi hætti. Með hliðsjón af framangreindu var vikið frá umræddri grein og tillögur nefndarinnar birtar fimm dögum fyrir hluthafafundinn, þann 14. janúar 2026.

Helstu þættir áhættustýringar og innra eftirlits

Innra eftirlit

Umgjörð bankans um áhættustýringu og innra eftirlit byggir á þriggja þrepa eftirlitskerfi, eins og því er lýst í leiðbeiningum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um innri stjórnarhætti, og er ætlað að styðja við góðar ákvarðanir og sterka áhættuvitund í bankanum. Skipulagið miðar að því að tryggja skilvirkni, virka áhættustýringu, góða viðskiptahætti, áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og annarra upplýsinga innan og utan bankans, ásamt fylgni við viðeigandi lög, reglur, leiðbeiningar og innri reglur bankans.

Fyrsta varnarlínan samanstendur af viðskipta- og stoðeiningum bankans sem bera ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku innra eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri bankans. Í því felst að viðkomandi einingum og stjórnendum þeirra ber að tryggja, með virkum og reglubundnum hætti, að áhætta í starfsemi bankans hvað þeirra starfssvið varðar sé greind, metin og stýrt á viðeigandi hátt. Í þessu felst m.a. innleiðing innri reglna ásamt viðeigandi ferlum og eftirlit með framkvæmd þeirra, í samræmi við lög, reglur og stefnumörkun bankans.

Önnur varnarlínan samanstendur af innri eftirlitseiningum bankans, áhættustýringu og regluvörslu, sem styður við innleiðingu á traustri umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits. Önnur varnarlína ber jafnframt ábyrgð á frekari greiningu, mælingum, eftirfylgni og upplýsingagjöf um áhættu og að hafa heildstæða sýn á áhættu bankans í heild og þeirra félaga sem tilheyra samstæðunni.

Þriðja varnarlínan er innri endurskoðun sem leggur óháð og hlutlægt mat á skilvirkni stjórnarhátta, áhættustýringar og innra eftirlits, og upplýsir stjórn um mat sitt.

Áhættustýring

Stjórn bankans samþykkir áhættustefnu, yfirlýsingu bankans um áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og skal tryggja að yfirferð á innri ferlum hvað varðar áhættustýringu eigi sér stað eigi sjaldnar en árlega.

Áhættustefnunefnd er ráðgefandi nefnd bankastjóra og í henni eiga sæti bankastjóri, allir framkvæmdastjórar bankans og aðrir stjórnendur sem skipaðir eru af bankastjóra. Nefndin tekur lykilákvarðanir er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan þess ramma sem markast af yfirlýsingu stjórnar um áhættuvilja. Nefndin gefur út leiðbeiningar um áhættuviðmið og samþykkir aðferðir og forsendur við útreikning á áhættumælikvörðum.

Frekari upplýsingar um áhættustýringu og innra eftirlit má finna í óendurskoðaðri áhættuskýrslu bankans (e. Pillar 3 Report) sem er birt á vefsíðu bankans.

Reikningsskil og endurskoðun

Bankastjóri sér til þess að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur bankans. Endurskoðunarnefnd stjórnar aðstoðar stjórn bankans við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við birtingu fjárhagsupplýsinga og innra eftirlit.

Fjármálasvið bankans annast gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum um reikningsskil lánastofnana, þar sem við á. Áður en árs- og árshlutareikningar eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar hefur endurskoðunarnefnd

stjórnar yfirfarið reikningsskilin. Þá fjallar endurskoðunarnefnd reglulega um reikningsskilin og leggur mat á innra eftirlit. Stjórnendauppgjör eru lögð fyrir stjórn að lágmarki 10 sinnum á ári. Árs- og árshlutauppgjör samstæðu Íslandsbanka eru birt opinberlega.

Aðalfundur kýs árlega endurskoðunarfyrirtæki í samræmi við samþykktir bankans. Tillaga stjórnar til aðalfundar byggir á tillögu endurskoðunarnefndar um val á endurskoðunarfyrirtæki. KPMG ehf. var kjörið endurskoðunarfélag bankans á aðalfundi 2024, í kjölfar útboðs bankans á endurskoðunarþjónustu, og hefur endurskoðað ársreikninga móðurfélags og samstæðu síðan, auk ársreikninga mikilvægra dótturfélaga. Ytri endurskoðendur kanna einnig hálfsársuppgjör samstæðu Íslandsbanka. Á árinu 2025 könnuðu ytri endurskoðendur einnig árshlutauppgjör samstæðunnar fyrir fyrsta ársfjórðung í tengslum við sölu á eignarhlut ríkisins í bankanum.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn og er ábyrgur fyrir innri endurskoðun innan bankans og dótturfélaga. Innri endurskoðun heyrir beint undir stjórn og starfar sjálfstætt frá öðrum deildum bankans í samræmi við 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Innri endurskoðun leggur mat á og stuðlar að endurbótum á stjórnarháttum bankans, áhættustýringu og eftirlitsferlum. Nánar er gerð grein fyrir skyldum og heimildum innri endurskoðunar í erindisbréfi frá stjórn.

Regluvarsla

Framkvæmdastjóri regluvörslu er ráðinn af bankastjóra og er ráðning hans staðfest af stjórn. Framkvæmdastjóri regluvörslu situr í framkvæmdastjórn bankans. Hlutverk framkvæmdastjóra regluvörslu er að hafa eftirlit og yfirsýn með hlítingaráhættu en undir hana falla fjármunabrotaáhætta, háttsemisáhætta, laga- og reglubreytingaáhætta og persónuverndaráhætta. Auk þess er hann regluvörður Íslandsbanka sem útgefanda fjármálagerninga samkvæmt reglum FME nr. 44/2023 um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Varnir gegn peningaþvætti

Íslandsbanki er tilkynningarskyldur aðili samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og hefur sett upp umgjörð um málaflokkinn. Forstöðumaður viðskiptaeftirlits, sem heyrir undir framkvæmdastjóra fjármála, gegnir hlutverki ábyrgðarmanns varna Íslandsbanka gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Forstöðumaður fjármunabrotaeftirlits regluvörslu, sem heyrir undir framkvæmdastjóra regluvörslu, er regluvörður málaflokksins og ber ábyrgð á eftirliti með vörnum bankans á þessu sviði.

Gildi Íslandsbanka, sjálfbærni og siðferði

Hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka. Gildi Íslandsbanka eru framsækni, samvinna og fagmennska og eru þau kjarni fyrirtækjamenningar sem mótar hegðun, hugarfar og viðmót starfsmanna bankans.

Bankinn hefur samþykkt starfs- og siðareglur sem ætlað er að stuðla að góðum starfsháttum innan bankans. Reglurnar má finna á vefsíðu bankans. Bankinn hefur jafnframt samþykkt stefnu um sjálfbærni sem miðar að því að rekstur bankans sé til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi út frá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti.

Bankinn hefur tiltekin fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi, þ.e. menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, aðgerðir í loftlagsmálum, og nýsköpun og uppbyggingu. Árlega gefur bankinn út árs- og sjálfbærniskýrslu. Upplýsingar í skýrslunni eru settar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq og byggir skýrslan jafnframt á viðeigandi mælikvörðum GRI (e. Global Reporting Initiative), viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN Principles for Responsible Banking) og

heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Síðan 2009 hefur bankinn verið aðili að hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact).

Stjórn Íslandsbanka

Á aðalfundi hvers árs eru kosnir sjö einstaklingar, auk tveggja varamanna, í stjórn bankans til eins árs í senn. Stjórnarformaður er kosinn sérstaklega á aðal- eða hluthafafundi. Í desember 2025 tilkynnti Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður Íslandsbanka, að hún myndi ekki sækjast eftir endurkjöri í stjórn bankans á næsta aðalfundi. Í kjölfarið barst stjórn bankans krafa frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 1/20 hlutafjár í bankanum um að boðað yrði til hluthafafundar þar sem stjórnarkjör væri á dagskrá. Stjórn Íslandsbanka boðaði í framhaldinu til hluthafafundar sem haldinn var þann 19. janúar 2026. Á fundinum voru þær breytingar gerðar á stjórn bankans að Heiðar Guðjónsson var kjörinn stjórnarformaður, Margrét Pétursdóttir tók sæti í stjórn í stað Agnars Tómasar Möller og Magnús E. Björnsson tók sæti í varastjórn í stað Páls Grétars Steingrímssonar.

Engin takmörk eru fyrir því hve lengi stjórnarmenn mega sitja í stjórn bankans. Stjórn bankans fer með málefni bankans milli hluthafafunda nema þegar lög eða samþykktir bankans kveða á um annað. Stjórn ber ábyrgð á stefnumörkun bankans og felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé ávallt í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti. Stjórn ræður bankastjóra og innri endurskoðanda.

Starfsreglur stjórnar eru settar á grundvelli 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Gildandi reglur má finna á vefsíðu bankans. Samkvæmt samþykktum bankans eru stjórnarfundir ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Stjórnarfundir á árinu 2025 voru þrjátíu talsins og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum.

Samþykktir bankans kveða á um að hlutfall hvors kyns í stjórn bankans skuli ekki vera lægra en 40%. Stjórn bankans er nú skipuð fjórum körlum og þremur konum. Stjórn hefur samþykkt stefnu um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna sem kveður m.a. á um að samsetning stjórnar, framkvæmdastjórnar og lykilstarfsmanna skuli á hverjum tíma vera fjölbreytt m.t.t. menntunar, starfsreynslu, kyns og aldurs stjórnarmanna. Þá kveður stefnan á um að stefnt skuli að því að hlutfall hvors kyns fari ekki yfir 60% í framkvæmdastjórn.

Undirnefndir stjórnar

Undirnefndir stjórnar eru fjórar og starfa þær samkvæmt erindisbréfi frá stjórn og starfsreglum stjórnar. Erindisbréf undirnefnda stjórnar má finna á vefsíðu bankans. Stjórn kýs nefndarmenn undirnefnda og skipar formenn þeirra. Við skipun nefndanna skal stjórn taka tillit til þess hvaða sérþekkingar, hæfni og reynslu seta í viðkomandi undirnefnd krefst. Nefndirnar eru allar skipaðar stjórnarmönnum, auk eins utanaðkomandi nefndarmanns í stjórnarhátta- og mannauðsnefnd og annars í endurskoðunarnefnd.

Endurskoðunarnefnd stjórnar, sem skipuð er þremur stjórnarmönnum og einum utanaðkomandi nefndarmanni, aðstoðar stjórn við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við birtingu fjárhagsupplýsinga, innra eftirlit, endurskoðunarferlið og eftirlit með fylgni við lög og reglur ásamt siðareglum bankans. Á árinu 2025 voru haldnir sjö fundir í endurskoðunarnefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Áhættunefnd stjórnar, sem skipuð er þremur stjórnarmönnum, sinnir ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn, m.a. vegna mótunar og innleiðingar á áhættustefnu og áhættuvilja bankans. Verkefni áhættunefndar stjórnar ná til móðurfélagsins, dótturfélaga þess og samstæðunnar í heild sinni. Á árinu 2025 voru haldnir níu fundir í áhættunefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Stjórnarhátta- og mannauðsnefnd stjórnar, sem skipuð er þremur stjórnarmönnum og einum

utanaðkomandi nefndarmanni, aðstoðar stjórn bankans við að hafa eftirlit með og leggja mat á fylgni bankans við almennt góða stjórnarhætti og skilvirkni stjórnar. Ennfremur aðstoðar nefndin stjórn við mat á starfskjarastefnu, framkvæmd hennar og hvata til að stýra áhættu og eigin- og lausafjárstöðu. Nefndin aðstoðar stjórn einnig við að hafa eftirlit með, og fjalla um, innleiðingu á sjálfbærnistefnu bankans og álitaefnum er varða starfskjör og mannauðsmál. Á árinu 2025 voru haldnir ellefu fundir í stjórnarhátta- og mannauðsnefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Nýsköpunar- og tækninefnd stjórnar, sem skipuð er þremur stjórnarmönnum, aðstoðar stjórn bankans við stefnumörkun og greiningu tækifæra á sviði nýsköpunar- og tæknimála, upplýsingaöryggis og stafrænnar nýsköpunar. Nefndin er stjórn bankans m.a. til ráðgjafar um tækniþróun, gagnaöryggi og innleiðingu tæknilausna innan bankans. Á árinu 2025 voru haldnir fimm fundir í nýsköpunar- og tækninefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Skipan undirnefnda stjórnar má sjá í töflu hér að neðan.

Stjórnarmenn

Heiðar Guðjónsson
(f. 1972)
Formaður stjórnar
frá janúar 2026

Aðalstarf: Eigandi og framkvæmdastjóri Ursus ehf. og Ursus Capital AG, Sviss.

Starfsreynsla: Forstjóri Sýnar hf. (2019-2022). Framkvæmdastjóri Novator Partners í London (2005-2009). Sérfræðingur hjá Íslandsbanka í London (2003-2005). Sérfræðingur hjá Kaupþingi í New York (2000-2003). Yfirmaður verðbréfamiðlunar hjá Íslandsbanka (1998-2000).

Trúnaðarstörf: HS Veitur (stjórnarmaður), Innviða fjárfestingar slhf. (stjórnarmaður) og Viðskiptaráð Norðurslóða (stjórnarformaður).

Menntun: B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands.

Hlutafjáreign og óhæði: Heiðar á 147.120 hluti í Íslandsbanka og 17.458.679 hluti gegnum félag sitt Ursus ehf. í Íslandsbanka. Maki Heiðars á 197.684 hluti í Íslandsbanka. Heiðar telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Áhættunefnd.

Stefán Pétursson
(f. 1963)
Varaformaður stjórnar
frá júlí 2023

Aðalstarf: Fjármálastjóri EpiEndo Pharmaceuticals ehf.

Starfsreynsla: Fjármálastjóri Arion banka hf. (2010-2021). Yfirmaður fjármögnunar, deildarstjóri fjármáladeildar og fjármálastjóri hjá Landsvirkjun (1993-2010).

Trúnaðarstörf: Landsnet (stjórnarmaður). Hefur setið í stjórn Landfesta ehf., Valitor hf., Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, Viðskiptaráðs Íslands, Landeyjar ehf. og Hablaer og er fyrrum nefndarmeðlimur í verkefnisstjórn ÍL sjóðs.

Menntun: MBA frá Babson College í Boston, Bandaríkjunum. Cand. oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Hlutafjáreign og óhæði: Stefán á enga hluti í Íslandsbanka. Maki Stefáns á 28.153 hluti í Íslandsbanka. Stefán telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Áhættunefnd og formaður endurskoðunarnefndar.

Haukur Örn Birgisson (f. 1978)
Stjórnarmaður
frá júlí 2023

Aðalstarf: Hæstaréttarlögmaður, eigandi og framkvæmdastjóri FIRMA lögmanna.

Starfsreynsla: Hæstaréttarlögmaður, eigandi og framkvæmdastjóri Íslensku lögfræðistofunnar (2008-2023). Formaður úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur (2023-2024). Formaður endurupptökunefndar (2017-2021). Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Inkasso ehf. (2010-2013). Héraðsdómslögmaður og fulltrúi hjá LEX lögmannsstofu (2004-2008). Héraðsdómslögmaður og fulltrúi hjá Nestor lögmönnum (2004). Kennari í ýmsum áföngum í lögfræði við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Verzlunarskóla Íslands og Menntaskólann Hraðbraut (2004-2022).

Trúnaðarstörf: Situr í framkvæmdastjórn Opna breska meistaramótsins í golfi (The Open Championship). Hefur setið í stjórn Golfsambands Íslands (forseti), Evrópska golfsambandsins (forseti), Alþjóða golfsambandsins og GAM Management hf.

Menntun: Cand. jur. frá Háskóla Íslands. Hæstaréttarlögmaður.

Hlutafjáreign og óhæði: Haukur á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Nýsköpunar- og tækninefnd og formaður stjórnarhátta- og mannauðsnefndar.

Helga Hlín Hákonardóttir (f. 1972)
Stjórnarmaður
frá júlí 2023

Aðalstarf: Meðeigandi og ráðgjafi hjá Strategíu ráðgjafafyrirtæki.

Starfsreynsla: Stofnandi og lögmaður hjá Lixia lögmannsstofa (2011-2014). Meðstofnandi og framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Sögu fjárfestingarbanka hf. (2006-2011). Lögmaður hjá Straumi Burðarás fjárfestingabanka hf. (2005-2006), Íslandsbanka hf. (2000-2005) og lögfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. (1998-2000) og Verðbréfaþingi Íslands (1996-1998).

Trúnaðarstörf: AÞ Þrif ehf. (stjórnarformaður) og Rue de Net (stjórnarmaður). Hefur setið í stjórn mark.is (formaður), Verðbréfaþings Íslands (varamaður), Skeljungs hf., Summu Rekstrarfélags hf., Greiðsluveitunnar, Viðskiptaráðs Íslands, Festi hf., Krónunnar hf., Vís hf. (stjórnarformaður), Lífís hf. (varamaður), WOW air hf., Meniga Ltd. og í Háskólaráði Háskólans á Akureyri.

Menntun: Cand. jur. frá Háskóla Íslands. Héraðsdómslögmaður. Próf í verðbréfaviðskiptum.

Hlutafjáreign og óhæði: Helga Hlín á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Stjórnarhátta- og mannauðsnefnd og formaður áhættunefndar.

Margrét Pétursdóttir (f. 1968)
Stjórnarmaður
frá janúar 2026

Aðalstarf: Stjórnarsetur og sjálfstætt starfandi ráðgjafi.

Starfsreynsla: Eigandi hjá KPMG (2024-2026). Forstjóri Ernst & Young (2019-2023). Sviðsstjóri endurskoðunarsviðs Ernst & Young (2010-2019). Sviðsstjóri innri endurskoðunar Ernst & Young (2005-2023, með hléum).

Trúnaðarstörf: Hefur setið í stjórn IFAC (International Federation of Accountants), Félags löggiltra endurskoðenda, Nordic Federation of Accountant og Viðskiptaráði.

Menntun: Cand. oecon frá Háskóla Íslands. Löggiltur endurskoðandi.

Hlutafjáreign og óhæði: Margrét á enga hluti í Íslandsbanka og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila bankans. Margrét telst óháð stórum hluthöfum Íslandsbanka en telst ekki óháð bankanum vegna fyrrum stöðu sinnar sem eigandi hjá KPMG, sem er ytri endurskoðandi bankans.

Undirnefndir: Endurskoðunarnefnd.

Stefán Sigurðsson
(f. 1972)
Stjórnarmaður
frá mars 2024

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri og eigandi Nordic Development ehf.

Starfsreynsla: Forstjóri Sýnar hf. (2014-2019). Framkvæmdastjóri eignastýringar hjá Íslandsbanka hf. (2008-2014). Forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri stefnumótunar hjá Glitni hf. (2007-2008). Verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf hjá Glitni hf. í Danmörku (2006-2007). Framkvæmdastjóri og meðstofnandi Bæjarútgerðarinnar ehf. (2002-2003). Framkvæmdastjóri og meðstofnandi Inntaks almannatengsla (2000-2002). Eigin viðskipti hjá Íslandsbanka frá (1998-2000) og Landsbankanum hf. (1997-1998).

Trúnaðarstörf: Isavia ANS ehf. (stjórnarformaður). Fólk Reykjavík ehf. (stjórnarmaður). Nordic Development ehf. (stjórnarmaður). Eimskipafélag Íslands (varamaður). Hefur setið í stjórn Viðskiptaráðs, Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. og Island Fund S.A. í Lúxemborg.

Menntun: M.Sc. í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla. B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands.

Hlutafjáreign og óhæði: Stefán á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Stjórnarhátta- og mannauðsnefnd og nýsköpunar- og tækninefnd.

Valgerður Hrund Skúladóttir
(f. 1963)
Stjórnarmaður
frá mars 2024

Aðalstarf: Ráðgjöf, stjórnarsetur og sjálfboðavinna við samfélagsleg verkefni.

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri og stofnandi Sensa ehf. (2002-2025). Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og heildarlausnarsviðs Tæknivals hf. (1994-2002). Deildarstjóri rafmagnsdeildar Jóhanns Ólafssonar og Co. ehf. (1989-1994).

Trúnaðarstörf: Sensa ehf. (stjórnarmaður). Memento ehf. (stjórnarmaður). Skógræktarfélag Reykjavíkur (stjórnarmaður). Isavia ANS (stjórnarmaður) og situr í háskólaráði Háskólans í Reykjavík. Hefur setið í stjórn Samtaka atvinnulífsins, Orb ehf., Staka Automation ehf., Talenta ehf., Siminn DK, Sensa A/S, Samtaka iðnaðarins, Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja sem stjórnarformaður og setið í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins.

Menntun: MBA frá University of Miami. C.Sc. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands.

Hlutafjáreign og óhæði: Valgerður á 12.659 hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Endurskoðunarnefnd og formaður nýsköpunar- og tækninefndar.

Varamenn í stjórn eru Herdís Gunnarsdóttir, frá apríl 2016, og Magnús E. Björnsson, frá janúar 2026.

Starfsreglur stjórnar kveða á um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfi stjórnar.

Skipan undirnefnda stjórnar

	Áhættunefnd	Endurskoðunarnefnd	Stjórnarhátta- og mannauðsnefnd	Nýsköpunar- og tækninefnd
Heiðar Guðjónsson	Nefndarmaður			
Stefán Pétursson	Nefndarmaður	Formaður nefndar		
Haukur Örn Birgisson			Formaður nefndar	Nefndarmaður
Helga Hlín Hákonardóttir	Formaður nefndar		Nefndarmaður	
Margrét Pétursdóttir		Nefndarmaður		
Stefán Sigurðsson			Nefndarmaður	Nefndarmaður
Valgerður Skúladóttir		Nefndarmaður		Formaður nefndar
Herdís Gunnarsdóttir			*Utanaðkomandi*	
Páll Grétar Steingrímsson		*Utanaðkomandi*		

Formaður nefndar · Nefndarmaður · *Utanaðkomandi*

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka

Í samræmi við samþykktir bankans hefur bankinn starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga í stjórnarsetu í félaginu á aðalfundi félagsins, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu vera þrír, auk tveggja varamanna. Tveir nefndarmanna, ásamt einum varamanni, skulu kjörnir af aðalfundi eða öðrum hluthafafundi þar sem kjör nefndarmanna tilnefningarnefndar er á dagskrá, til eins árs í senn. Þriðji nefndarmaður tilnefningarnefndar og varamaður hans skulu vera stjórnarmenn í bankanum og eru þeir skipaðir af stjórn til eins árs í senn. Skipan nefndarinnar og störf hennar skulu vera í samræmi við 53. gr. laga 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Eftir aðalfund bankans 2025 var Agnar Tómas Möller, stjórnarmaður, skipaður af stjórn í tilnefningarnefnd. Í desember sama ár tók Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður, við af honum í nefndinni. Heiðar Guðjónsson tók sæti í tilnefningarnefnd í kjölfar hluthafafundar bankans í janúar 2026.

Starfsreglur tilnefningarnefndar eru birtar á vefsíðu bankans.

Í tilnefningarnefnd bankans sitja:

- Helga Valfells, formaður
- Hilmar Garðar Hjaltason
- Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður Íslandsbanka

Árangurs- og hæfismat stjórnar

Starfsreglur stjórnar kveða á um skyldu stjórnar til að meta störf sín sem ein heild, sem og einstakra stjórnarmanna, verklag og starfshætti eigi sjaldnar en árlega. Þessu mati er ætlað að bæta starfshætti og skilvirkni stjórnarinnar. Við árangursmat er lagt mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar. Árangursmatið byggir m.a. á mati á nauðsynlegum fjölda stjórnarmanna og samsetningu stjórnar m.t.t. hæfni og reynslu, verklags og starfshátta. Stjórn leggur jafnframt að minnsta kosti árlega mat á sameiginlegt hæfi stjórnar og einstakra stjórnarmanna í samræmi við stefnu bankans um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna. Stjórn framkvæmdi síðast sjálfsmat í desember 2025 og tók afstöðu til sameiginlegs hæfis stjórnar og einstakra stjórnarmanna. Stjórnin ályktaði að hún sem heild og einstakir stjórnarmenn búi yfir nægilegri reynslu og þekkingu til að uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki sem og stefnu bankans um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna.

Jón Guðni Ómarsson (f. 1976)
Bankastjóri frá 28. júní 2023

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri fjármála Íslandsbanka hf. (2011-2023). Forstöðumaður fjárstýringar Íslandsbanka hf. (2008-2011).

Menntun: M.Sc. í fjármálaverkfræði frá Georgia Institute of Technology. B.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. AMP stjórnunarnám frá Harvard Business School. Chartered Financial Analyst (CFA). Próf í verðbréfaviðskiptum.

Önnur störf: Formaður stjórnar Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF).

Hlutafjáreign og óhæði: Jón Guðni á 44.506 hluti í Íslandsbanka og 12.659 hluti í gegnum félagið Armis ehf. Maki Jóns Guðna á 12.659 hluti í Íslandsbanka. Jón Guðni telst óháður stórum hluthöfum bankans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka. Í gildi er kaupréttarsamningur milli bankans og Jóns Guðna samkvæmt kaupréttaráætlun sem samþykkt var á hluthafafundi bankans árið 2025. Áætlunin er í samræmi við lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og nær til alls fastráðins starfsfólks bankans.

Bankastjóri

Bankastjóri ber ábyrgð á að rekstur og starfsemi bankans sé, á hverjum tíma, í samræmi við samþykktir bankans, samþykkta stefnumörkun stjórnar, fyrirmæli stjórnar og viðeigandi lög. Bankastjóri ræður framkvæmdastjóra yfir starfssvið bankans, framkvæmdastjóra regluvörslu og skipar nefndarmenn í ráðgefandi nefndir bankastjóra.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn bankans samanstendur af sjö einstaklingum, að bankastjóra meðtöldum: Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri frá júní 2023, Ellert Hlöðversson, framkvæmdastjóri fjármála frá janúar 2024, Barbara Inga Albertsdóttir, framkvæmdastjóri regluvörslu frá nóvember 2023, Guðmundur Kristinn Birgisson, framkvæmdastjóri áhættustýringar frá október 2018, Kristín Hrönn Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækja og fjárfesta frá júlí 2023, Ólöf Jónsdóttir, framkvæmdastjóri einstaklinga frá febrúar 2024 og Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabanka frá maí 2017. Riaan Dreyer, var framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og gagnastýringar frá september 2019 til nóvember 2025, þegar hann lét af störfum.

Ráðgefandi nefndir bankastjóra

Ráðgefandi nefndir bankastjóra skiptast í stefnumótunarnefndir, sem hafa með höndum innleiðingu á stefnumörkun stjórnar, og viðskiptanefndir, sem taka afstöðu til einstakra viðskiptaerinda. Skipan nefndanna er ákveðin af bankastjóra sem jafnframt samþykkir erindisbréf þeirra.

Framkvæmdastjórn og áhættustefnunefnd teljast til stefnumótunarnefnda og taka lykilákvarðanir er varða innleiðingu á stefnumörkun stjórnar. Í þeim eiga sæti allir framkvæmdastjórar bankans auk annarra stjórnenda sem skipaðir eru af bankastjóra.

– **Framkvæmdastjórn** skal hafa yfirsýn og samhæfa lykilþætti í starfsemi Íslandsbanka. Framkvæmdastjórn fer með ákvörðunarvald í þeim málefnum bankans sem bankastjóri felur henni í samræmi við stefnumörkun, markmið og áhættuvilja.

– **Áhættustefnunefnd** tekur lykilákvarðanir er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan ramma yfirlýsingar stjórnar um áhættuvilja.

Viðskiptanefndir bankans taka afstöðu til einstakra viðskipta- og rekstrarerinda í samræmi við stefnumörkun stjórnar, reglur og önnur mörk sem samþykkt hafa verið af stjórn, framkvæmdastjórn eða áhættustefnunefnd. Viðskiptanefndir bankans eru:

– **Yfirlánanefnd** tekur afstöðu til erinda um lánamál og er formlegur vettvangur fyrir rýni og umræðu um einstök lánamál..

– **Efnahagsnefnd** tekur afstöðu til erinda varðandi markaðsáhættu, lausafjárstýringu, fjármögnun, eigið fé og innri og ytri verðlagningu.

– **Fjárfestinganefnd** tekur afstöðu til erinda varðandi kaup, sölu og verðmat eignarhluta í félögum og öðrum fjárfestingum bankans.

– **Rekstrar- og öryggisnefnd** tekur afstöðu til erinda varðandi nýjar vörur og þjónustu, samfelldan rekstur og áhættusamar breytingar á kerfum og ferlum í bankanum.

– **Sjálfbærninefnd** er formlegur vettvangur fyrir rýni og umræðu um mál er varða sjálfbærnistefnumörkun bankans og skuldbindingar bankans sem snúa að sjálfbærni.

– **Stafræn vörunefnd** er formlegur vettvangur fyrir ákvarðanatöku um forgangsröðun á verkefnum á milli vöruteyma til samræmis við stefnumörkun stjórnar og áherslur bankans.

Tilhögun samskipta milli hluthafa og stjórnar

Stjórn á samskipti við hluthafa í samræmi við ákvæði viðeigandi laga, samþykkta bankans og starfsreglna stjórnarinnar. Hluthafafundir, sem fara með æðsta vald í málefnum bankans, eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf og samskipti við hluthafa. Allar upplýsingar sem skilgreinast sem viðkvæmar markaðsupplýsingar eru birtar í kauphallartilkynningum í samræmi við stefnumörkun bankans um upplýsingagjöf og samskipti. Bankinn skipuleggur jafnframt ársfjórðungslega fundi fyrir markaðsaðila þar sem m.a. bankastjóri, framkvæmdastjóri fjármála og fulltrúar fjárfestatengsla kynna uppgjör bankans.

Í bankanum er starfandi birtingarnefnd sem leggur mat á atviksbundna upplýsingaskyldu bankans og tekur ákvörðun um birtingu upplýsinga í samræmi við reglur bankans um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda. Í birtingarnefnd sitja framkvæmdastjóri fjármála, yfirlögfræðingur, forstöðumaður fjárstýringar, fjárfestatengill og framkvæmdastjóri regluvörslu (án atkvæðis).

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Ekki komu fram athugasemdir frá viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðilum sem fólu í sér viðurlög vegna brota á lögum og reglum. Upplýsingar um dómsmál tengd Íslandsbanka er að finna í skýringum með ársreikningi.

Þessi stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt af stjórn Íslandsbanka þann 12. febrúar 2026.